

**7. fundur** Framkvæmdanefndar um uppbyggingu á athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla, haldinn á Norðurhelli 2, þann 3. júní 2021 -kl. 8:00.

---

**Viðstaddir voru.**

**Starfshópur.**

Matthías Páll Imsland, formaður

Helga Ingólfssdóttir

Stefán Már Gunnlaugsson

Atli Már Ingólfsson

Halldóra Einarsdóttir

**Með starfshópnum starfa:**

Sigurður Haraldsson

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Geir Bjarnason

Íþrótt- og tólmstundarfulltrúi

Rósa Steingrímsdóttir

Sviðsstjóri fjármálasviðs

---

Á fundinn mættu einnig Stefán Veturliðason frá VSB, verkfræðistofu og frá Kanon arkitektum: Þorkell Magnússon, arkitekt og Þórður Steingrímsson, arkitekt og hönnunarstjóri Eftirfarandi var tekið fyrir.

**1. Fundargerð.**

Lögð fram sjötta fundargerð og hún samþykkt.

**2. Forhönnun.**

Ráðgjafar voru að skila drögum að forhönnunarskýrslu, samkvæmt áætlun.

Ráðgjafateymið er skipað Kanon arkitektum sem er samningsaðilinn, en aðrir ráðgjafar eru Teknik ehf með burðarvirki, lagnir og loftræsikerfi, TKM ehf með raflagnir, Örugg verkfræðistofa ehf með brunahönnun og BIM ráðgjöf og Hljóðvist með hljóðvistarhönnun.

Arkitektar kynntu helstu atriði forhönnunar. Helstu atriði sem voru rædd voru eftirfarandi:

- Áhorfendapallar staðsettir á norðurhlíð hússins og tengist útsvæði.
- Gluggar á reiðskemmu.
- Félagshesthús er staðsett á teikningum undir félagsaðstöðu Sörla, rætt var um hvort félagshesthús ætti að vera í stakstæðri byggingu á lóð Sörla. Félagshesthús er í öðrum áfanga framkvæmdarinnar, þannig að hægt er að skoða þetta áfram.
- Snyrtingum er fjölgað frá útboðsgögnum, til að uppfylla kröfur reglugerða.

Í forhönnunarskýrslu er tekið á öllum þáttum hönnunar, arkitektúr, burðarvirkjum, lögnum, loftræsingu, raflögnum, brunahönnun, BIM og hljóðvist.

Kostnaðaráætlun var lögð fram með forhönnun og borin saman við framreiknaða kostnaðaráætlun frá fyrri forhönnun frá 2019. Stefáni og Sigurði er falið að rýna kostnaðartölur.



málsnr. 1903474

Formaður þakkar Þorkeli og Þórði fyrir kynninguna. Framkvæmdarnefndin mun nú rýna drög að forhönnunarskýrslu.

**Næsti fundur**

Næsti fundur verður 8. júní kl. 8:00 á Norðurhelli 2.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.9:10